

Fundur haldinn í samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga þriðjudaginn 28. maí 2013, kl. 13.00.

Fundurinn er símafundur, mætt voru Sigurður Pétursson Ísafjarðarbæ, formaður, Elías Jónatansson Bolungarvík, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Tálknafjarðarhreppi, Guðbrandur Sverrisson Kaldrananeshreppi, og Gústaf Jökull Ólafsson Reykhólahreppi.. Auk þess sat fundinn formaður stjórnar FV, Albertína F Elíasdóttir Ísafjarðarbæ og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður samgöngunefndar setti fundinn og kynnti að stjórn FV og fleiri aðilar hefðu leitað til samgöngunefndar með þá hugmynd að boðað yrði til málþings um samgöngumál á Vestfjörðum. Við undirbúning málsins hefði verið kannað með aðkomu nýs innanríkisráðherra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur að slíku málþingi. Svar lægi nú fyrir frá ráðherra og hefði hún samþykkt komu sína en með fyrirvara um störf Alþingis (sumarþing). Miðað er við að þingið verði haldið föstudaginn 21. júní n.k. og það verði haldið á Patreksfirði.

Formaður stjórnar FV ræddi mikilvægi þess að ná að kynna stefnu vestfirskra sveitarfélaga í samgöngumálum fyrir nýrri ríkisstjórn og ráðherra samgönguumála.

Rætt um dagskrá þingsins og skipulag þess;

Samþykkt að þingið verði opið, það hefjist kl. 14.00 og standi í um þrjá tíma. Auk ráðherra verði þingmönnum norðvesturkjördæmis, fulltrúum samgöngustofnana boðið til þingsins.

Efni þingsins verði stefna vestfirskra sveitarfélaga í nýframkvæmdum, viðhald vega og vetrarþjónusta, flugmál, fjarskiptamál og strandsiglingar. Einnig verði fjallað um áhrif skipulag samgangna á sunnanverðum Vestfjörðum á ferðaþjónustu. Formaður stjórnar FV setji þingið og umfjöllun um einstöku málefni verði á vegum samgöngunefndarmanna auk þess leitað verði til fulltrúa ferðþjónustu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.45.